

Mál nr. 390/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.****Heiti vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 5. janúar 2023.
4. Bréf V, dags. 9. janúar 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti um kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hjá V hinn 4. febrúar 2022 vegna ætlaðra galla á byggingu húseignar M og þar nefnt sérstaklega að flísaleggja þurfi baðherbergi upp á nýtt. Í tjónstilkynningu kemur einnig fram að verk hafi verið unnið á árinu 2019. Starfsmaður V skoðaði aðstæður í kjölfarið og V tilkynnti M um höfnun bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hinn 11. mars 2022.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M sem byggingarstjóri þar sem X hefði ekki átt að dyljast ágallar á verki við eftirlit, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Tjón á baðherbergjum hefði komið í ljós strax og húseign M hefði verið tekin í notkun og V hefði gefist kostur á að skoða tjónið áður en ráðist hafi verið í lagfæringar á því. M byggir á almennum meginreglum skaðabótaréttar og ströngu mati á saknæmi byggingarstjóra og mikilvægi þess að þeir sinni eftirliti sínu með því að framkvæmd verks sé tæknilega og faglega fullnægjandi M telur að tjón á húseign hans verði ekki rakið til efnisgalla og verði tjón vegna flísalagnar ekki rakið til annars en ófullnægjandi framkvæmdar við verk við byggingu húseignarinnar og hefði ekki átt að dyljast byggingarstjóra við venjubundið eftirlit. M vísar til þess að augljóst sé að annað hvort hafi ekki verið grunnað undir flísar á baðherbergi eða rangur grunnur notaður því binding flísa við vegginn hafi ekki verið til staðar. M bendir á að starfsmaður V hafi staðfest eðli tjónsins og hafi V verið í lófa lagið að stöðva viðgerðir til þess að láta kanna frekar hvað hafi leitt til tjónsins, eða hvatt M til að fá frekara mat á eðli tjónsins. Þannig hafi V verið í yfirburðastöðu gagnvart M um að rannsaka atvik frekar.

V hefur hafnað greiðsluskyldu þar sem ekki liggja fyrir hvers vegna flísar á tilteknum baðherbergjum hafi losnað, en við skoðun starfsmann V hafi flísar verið „lausar frá líminu“ án þess að sýnt hafi verið hvers vegna það hafi verið. Þannig telur V óljóst hvort tjón sé tilkomið vegna efnisgalla, meðferðar á efni, faglegrar framkvæmdar verktaka eða annarra orsaka. Einnig hafnar V því að um ágalla sé að ræða sem ekki hefði átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit og þannig sé skaðabótaskylda hans ekki fyrir hendi á grundvelli 29. gr. laga um mannvirki.

M segir í viðbótarathugasemdum að gögn málsins sýni að óumdeilt sé að mistök hafi átt sér stað og V hafi viðurkennt að flísar hafi ekki haft viðloðun við plötur. M bendir einnig aftur á að V sé sérfræðingur hvað varðar tjón og skoðun fasteigna á meðan M sé það ekki. M bendir á að flísar hafi verið endurnýttar og sé því ljóst að vöntun á grunni undir flísar eða það að rangur grunnur hafi verið notaður sé augljós orsök tjóns M. Einnig er bent á að V hafi komið á vettvang og haft alla möguleika til að kanna betur orsakir til að sýna fram á að um annað en mistök í eftirliti byggingarstjóra hafi verið að ræða og að umræddir gallar hefðu verið öðruvísi en þannig að þeir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit.

Í viðbótarathugasemdum V segir að aðilar málsins séu sammála um að málið snúist um tiltekin baðherbergi í húseign M en myndir sem M hafi sent af tjóni séu af öðrum baðherbergjum og þannig liggja ekki fyrir að flísar hafi verið endurnýttar. Einnig bendir M á að ekki sé sjálfkrafa fyrir hendi bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þegar verk misferst.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort sannað sé að skilyrði skaðabótaskyldu liggi fyrir varðandi störf byggingarstjóra húseignar M og hvort ætlað tjón á baðherbergjum sé hægt að rekja til atvika sem byggingarstjóri ber skaðabótaábyrgð á.

Hvað varðar skaðabótakröfu M á byggingarstjórn X varðar þá verður að minna á að samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórnans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþátta sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjórnunum við eftirlit hans.

Þetta þýðir að sá sem heldur því fram að það séu ágallar á verki iðnmeistara sem nemi stórfelldri vanrækslu af hans hálfu og að ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjórnunum við eftirlit ber sönnunarbyrði um þá þætti. Í þessu máli hvílir sönnunarbyrði því á M.

Í gögnum málsins liggur fyrir lýsing á tjóni af hálfu M sem og upplýsingar frá V um skoðun starfsmanns V á vettvangi í febrúar 2022. Ekki verður lögð skaðabótaábyrgð á X á grundvelli fyrirnefndra laga um mannvirki af lýsingum M einum saman eða þeim gögnum sem liggja fyrir um ætlað tjón. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er ekki efndatrygging vegna húsbygginga heldur þarf að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi af hálfu byggingarstjóra. Ekki er af gögnum þessa máls nægilega sýnt fram á það og á M því ekki að svo stöddu rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir